# Ríkisendurskoðun

**00 620**

# Ársreikningur 2022

## Efnisyfirlit

**Bls.**


| | |
|---|---|
| Skýrsla og áritun forstöðumanns ............................................................. | **2** |
| Áritun endurskoðanda ............................................................................ | **3** |
| Yfirlit um afkomu ársins .......................................................................... | **5** |
| Efnahagsreikningur ................................................................................. | **6** |
| Sjóðstreymisyfirlit ................................................................................... | **7** |
| Skýringar ................................................................................................. | **8-14** |
| Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum ......................................... | **15** |



**Ríkisendurskoðun**

**kt. 540269-1819**

**Bríetartúni 7, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Skv. lögum nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga er ríkisendurskoðandi trúnaðarmaður Alþingis. Ríkisendurskoðandi annast endurskoðun ríkisreiknings og ársreikninga ríkisaðila og fyrirtækja þar sem eignarhald ríkissjóðs er 50% eða meira, hefur eftirlit með framkvæmd fjárlaga og stuðlar að umbótum á fjármálastjórn ríkisins og nýtingu almannafjár svo sem nánar er mælt fyrir um í 4. gr. laganna. Ríkisendurskoðun er skrifstofa ríkisendurskoðanda.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 1 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 921 milljón og afkoma kr. 30,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 106,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 227,5 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á fjárlögum fyrir árið 2022.

Ársverk hjá Ríkisendurskoðun á árinu 2022 voru 42,1 sem er fjölgun um 0,9 stöðugildi frá árinu 2021. Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður var 737,5 m.kr.

Það er álit okkar að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Ríkisendurskoðunar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður og sviðsstjóri fjármála staðfesta hér með ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Reykjavík, 28. apríl 2023

Staður og dags.

Ríkisendurskoðandi

Sviðsstjóri fjármála

# ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til forseta Alþingis

## Álit

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, yfirlit um afkomu ársins, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ríkisendurskoðunar á árinu 2022, efnahag 31.desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög sem um stofnunina gilda.

## Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð mín samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Ég er óháður Ríkisendurskoðun í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og hef uppfyllt ákvæði þeirra. Ég tel að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit mitt á.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur Ríkisendurskoðunar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið endurskoðanda er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit endurskoðandans. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur, séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun mín er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Nánar tiltekið er eftirfarandi aðferðum beitt:

- Hætta á verulegri skekkju í ársreikningnum er metin og greind, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi. Endurskoðunaraðgerðir eru tilsniðnar og gerðar til að bregðast við þeim hættum og endurskoðunargagna er aflað sem metin eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit mitt. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflun skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, er gerð í þeim tilgangi að beita viðeigandi endurskoðunaraðgerðum, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.

- Metið er hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Niðurstaða mín byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um einstaka liði ársreikningsins.
- Við lok endurskoðunar er metið í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, lagt er mat á framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Endurskoðandi upplýsir stjórnendur Ríkisendurskoðunar um áætlað umfang endurskoðunarinnar og um mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Kópavogi, 28. apríl 2023

AT-Ráðgjöf ehf.

Árni Tómasson, endurskoðandi.

# Yfirlit um afkomu ársins 2022

| | Skýr | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2 | 749.000.000 | 738.500.000 |
| Seld þjónusta | 3 | 163.342.510 | 146.446.106 |
| Aðrar tekjur | 3 | 1.043.319 | 0 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 2 | 7.640.466 | 8.371.588 |
| **Tekjur samtals** | | 921.026.295 | 893.317.694 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | 4 | 737.460.739 | 706.049.073 |
| Annar rekstrarkostnaður | 5 | 145.532.598 | 117.213.327 |
| Afskriftir | 6 | 7.640.466 | 8.371.588 |
| **Gjöld samtals** | | 890.633.803 | 831.633.988 |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði** | | 30.392.492 | 61.683.706 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | | (8.889) | (15.085) |
| | | (8.889) | (15.085) |
| **Afkoma ársins** | | 30.383.603 | 61.668.621 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2022

| | Skýr | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 6 | | |
| Áhöld, tæki og búnaður ........ | | 30.724.218 | 22.609.365 |
| Farartæki og vélar ........ | | 1.412.582 | 2.354.300 |
| Aðrar eignir ........ | | 3.494.344 | 3.494.344 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 35.631.144 | 28.458.009 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur ........ | | 20.459.050 | 27.669.810 |
| Tengdir aðilar ........ | 7 | 170.110.259 | 147.461.498 |
| Handbært fé ........ | | 1.255.019 | 4.383.837 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 191.824.328 | 179.515.145 |
| **Eignir samtals** | | 227.455.472 | 207.973.154 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 8 | | |
| Hrein eign ........ | | 106.278.286 | 103.913.304 |
| **Eigið fé samtals** | | 106.278.286 | 103.913.304 |
| **Skuldir** | | | |
| Tengdir aðilar ........ | 7 | 354.168 | 2.134.638 |
| Viðskiptaskuldir ........ | | 15.152.017 | 9.960.884 |
| Ýmsar skammtímaskuldir ........ | 9 | 78.233.458 | 77.927.064 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda ........ | 10 | 27.437.543 | 14.037.264 |
| **Skuldir samtals** | | 121.177.186 | 104.059.850 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 227.455.472 | 207.973.154 |

**Aðrar upplýsingar** 11

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

| | Skýr | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | 30.383.603 | 61.668.621 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 6 | 7.640.466 | 8.371.588 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | (7.640.466) | (8.371.588) |
| | | 30.383.603 | 61.668.621 |
| Breyting rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur | | 7.210.760 | (14.093.602) |
| Tengdir aðilar | | (24.429.231) | (49.232.798) |
| Skammtímaskuldir | | 5.497.527 | 1.016.096 |
| | | (11.720.944) | (62.310.304) |
| **Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)** | | 18.662.659 | (641.683) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 6 | (14.813.601) | (6.789.300) |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | | 220.000 | 0 |
| | | (14.593.601) | (6.789.300) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Breyting fjárveitinga skv. reglugerð nr. 566/2021 | | (13.597.876) | 0 |
| Fjárfestingarframlag | | 6.400.000 | 6.100.000 |
| | | (7.197.876) | 6.100.000 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | (3.128.818) | (1.330.983) |
| Handbært fé í byrjun árs | | 4.383.837 | 5.714.820 |
| **Handbært fé í árslok** | | 1.255.019 | 4.383.837 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.
Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.
Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

**Gjöld**

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

**Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

| | |
|---|---|
| Áhöld, tæki og búnaður ........................................ | 3-10 ár |
| Farartæki og vélar ........................................ | 8 ár |
| Aðrar eignir ........................................ | óafskrifað |

## Skýringar

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

**Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

**Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

**Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

**Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

**Samanburðarfjárhæðir**

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar, frh.

**2 Tekjufærsla fjárveitinga**

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Fjárveiting ársins | 755.400.000 | 744.600.000 |
| Þar af fjárveiting til fjárfestinga, færð á frestaðar tekjur sjá skýringu 10 | (6.400.000) | (6.100.000) |
| Tekjufærsla fjárveitinga til rekstrar | 749.000.000 | 738.500.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 7.640.466 | 8.371.588 |
| | 756.640.466 | 746.871.588 |

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og uppsafnaða stöðu í árslok:

| | Fjárveiting til rekstrar | Fjárveiting til fjárfestinga | Fjárveiting samtals |
|---|---|---|---|
| Fjárveiting samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum 2022 | 749.000.000 | 6.400.000 | 755.400.000 |
| Millifærslur og aðrar breytingar fjárveitinga | 0 | | 0 |
| Fjárveitingar ársins | 749.000.000 | 6.400.000 | 755.400.000 |
| Uppsöfnuð staða fjárveitinga í upphafi árs (umframráðstafað) | 103.913.304 | -14.420.745 | 89.492.559 |
| Breyting fjárveitinga á grundvelli reglugerðar nr. 566/2021 | -28.018.621 | 14.420.745 | -13.597.876 |
| Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum/fjárfestingar ársins | -718.616.397 | -14.813.601 | -733.429.998 |
| Uppsöfnuð staða fjárveitinga í lok árs (umframráðstafað) | 106.278.286 | -8.413.601 | 97.864.685 |

**3 Seld þjónusta**

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Sérfræðiþjónusta | 160.784.310 | 145.691.106 |
| Mötuneyti | 2.558.200 | 755.000 |
| Aðrar tekjur | 1.043.319 | 0 |
| | 164.385.829 | 146.446.106 |

**4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður**

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Laun | 596.459.302 | 575.458.635 |
| Orlof, breyting | 306.394 | (3.115.918) |
| Launatengd gjöld | 130.648.583 | 125.901.187 |
| Starfsmannakostnaður | 10.046.460 | 7.805.169 |
| | 737.460.739 | 706.049.073 |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 42,1 | 41,2 |

## Skýringar, frh.

**5 Annar rekstrarkostnaður**

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Ferða- og dvalarkostn. innanl. | 2.715.075 | 2.154.577 |
| Ferða- og dvalarkostn. erlendis | 956.055 | 376.728 |
| Fundir, námskeið og risna | 3.612.578 | 2.118.866 |
| Akstur | 443.755 | 315.275 |
| **Ferðir og fundir samtals** | 7.727.463 | 4.965.446 |
| | | |
| Tímarit, blöð og bækur | 525.221 | 724.170 |
| Skrifstofuvörur og áhöld | 4.710.586 | 2.474.983 |
| Keyptar máltíðir og kaffikostnaður | 23.287.124 | 15.968.796 |
| Aðrar rekstrarvörur | 1.933.681 | 645.298 |
| **Rekstrarvörur samtals** | 30.456.612 | 19.813.247 |
| | | |
| Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta | 3.190.403 | 2.884.488 |
| Önnur sérfræðiþjónusta | 9.348.328 | 6.743.792 |
| Hugbúnaður, sími og ýmis leigugjöld | 14.299.687 | 11.736.398 |
| Prentun,póstur, augl., flutn | 1.887.673 | 1.401.582 |
| **Aðkeypt þjónusta samtals** | 28.726.091 | 22.766.260 |
| | | |
| Húsaleiga og aðk. ræsting | 64.161.679 | 61.521.633 |
| Rafmagn og heitt vatn | 2.216.535 | 1.688.162 |
| Verkkaup og byggingavörur | 8.009.538 | 5.500.972 |
| **Húsnæði samtals** | 74.387.752 | 68.710.767 |
| | | |
| Verkstæði og varahlutir | 1.453.341 | 111.809 |
| Brennsluefni og olíur | 211.311 | 171.029 |
| Tryggingar og skattar | 129.920 | 158.023 |
| **Bifreiðar og vélar samtals** | 1.794.572 | 440.861 |
| | | |
| **Opinber gjöld, leyfisgjöld** | 987.108 | 516.746 |
| **Samkomulagsbætur** | 1.453.000 | 0 |
| | | |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 145.532.598 | 117.213.327 |

## Skýringar, frh.

### 6 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Áhöld, tæki og búnaður | 30.724.218 | 22.609.365 |
| Farartæki og vélar | 1.412.582 | 2.354.300 |
| Aðrar eignir | 3.494.344 | 3.494.344 |
| | 35.631.144 | 28.458.009 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

| | Áhöld, tæki og búnaður | Farartæki og vélar | Aðrar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Staða 01.01.2022 | 66.092.005 | 7.533.749 | 3.494.344 | 77.120.098 |
| Viðbætur á árinu | 14.813.601 | 0 | 0 | 14.813.601 |
| | 80.905.606 | 7.533.749 | 3.494.344 | 91.933.699 |
| Afskriftir 01.01.2022 | 43.482.640 | 5.179.449 | 0 | 48.662.089 |
| Afskrift ársins | 6.698.748 | 941.718 | 0 | 7.640.466 |
| | 50.181.388 | 6.121.167 | 0 | 56.302.555 |
| Staða 31.12.2022 | 30.724.218 | 1.412.582 | 3.494.344 | 35.631.144 |

### 7 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| *Kröfur á tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 160.777.269 | 143.309.348 |
| Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs | 9.332.990 | 4.152.150 |
| | 170.110.259 | 147.461.498 |
| *Skuldir við tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 354.168 | 2.134.638 |
| | 354.168 | 2.134.638 |

### 8 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

| | | |
|---|---|---|
| **Hrein eign** | | |
| Jöfnuður 1.1. | 103.913.304 | 42.244.683 |
| Breyting uppsafnaðrar afkomu á grundvelli reglugerðar nr. 566/2021 | (28.018.621) | 0 |
| Afkoma ársins | 30.383.603 | 61.668.621 |
| Jöfnuður 31.12. | 106.278.286 | 103.913.304 |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

## Skýringar, frh.

| 9 Ýmsar skammtímaskuldir | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Ógreitt orlof | 78.233.458 | 77.927.064 |
| | 78.233.458 | 77.927.064 |

**10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga**

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Til mótvægis við eignfærsluna er færður liður, Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda, sem endurspeglar fjármögnun ríkisins á viðkomandi eignum, að viðbættri ónýttri fjárveitingu en að frádregnu því sem ofnýtt var. Nýtt fjárveiting til fjárfestinga færist til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignarinnar eða fellur niður við sölu hennar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga | 35.631.144 | 28.458.009 |
| Ónýtt fjárveiting til fjárfestinga (umframráðstafað til fjárfestinga) | (8.193.601) | (14.420.745) |
| | 27.437.543 | 14.037.264 |

| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Ónýtt/(ofnýtt) fjárveiting | Samtals frestun tekjufæslu |
|---|---|---|---|
| Staða 01.01.2022 | 28.458.009 | (14.420.745) | 14.037.264 |
| Leiðréttur uppsafnaður halli á grundvelli reglugerðar nr. 566/2021 | | 14.420.745 | 14.420.745 |
| Fjárveiting ársins til fjárfestinga | 0 | 6.400.000 | 6.400.000 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 14.813.601 | (14.813.601) | 0 |
| Söluverð seldra eigna á árinu | | 220.000 | 220.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | (7.640.466) | 0 | (7.640.466) |
| | 35.631.144 | (8.193.601) | 27.437.543 |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 9,2 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

**11 Aðrar upplýsingar**

*Skuldbindandi samningar*
Ríkisendurskoðun hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði fyrir starfsemi stofnunarinnar ásamt leigu á bifreiðastæðum. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu og bifreiðastæða nema 69,1 milljónum króna á verðlagi 1.1.2023. Árlegar greiðslur skuldbindandi samninga vegna hugbúnaðar, vistunar kerfa ofl. rekstrarliða nema 14,6 milljónum króna.

*Veðsetningar*
Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

*Veittar ábyrgðir*
Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

*Óefnislegar eignir*
Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir, eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

*Óafturkallanleg loforð*
Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

# Skýringar, frh.

*Lífeyrisskuldbindingar*
Skuldbindingar vegna áunninna réttinda starfsmanna, umfram greiðslu vegna þeirra í lífeyrissjóði, hvílir á ríkissjóði.

*Atburðir eftir reikningsskiladag*
Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.

# Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

| | Fjárveiting til rekstrar | Fjárveiting til fjárfestinga | Samtals |
|---|---|---|---|
| Samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum 2022 | 749.000.000 | 6.400.000 | 755.400.000 |
| Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda | 0 | 0 | 0 |
| Fjárveiting ársins | 749.000.000 | 6.400.000 | 755.400.000 |
| Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022 (umframráðstafað) | 103.913.304 | (14.420.745) | 89.492.559 |
| Breyting fjárveitinga á grundvelli reglugerðar nr. 566/2021 | (28.018.621) | 14.420.745 | (13.597.876) |
| Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu | 824.894.683 | 6.400.000 | 831.294.683 |
| Ráðstöfun ársins samkvæmt rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum/ fjárfestingar | (718.616.397) | (14.813.601) | (733.429.998) |
| Staða fjárveitinga í lok árs 2022 | 106.278.286 | (8.413.601) | 97.864.685 |
| | | | |
| Hlutfall afkomu 2022 af heildarfjárveitingu | 4,1% | | |
| Hlutfall uppsafnaðrar afkomu af heildarfjárveitingu | 14,2% | | |